

*Fundarboðandi:* Starfsmaður f.h. formanns      *Fundarstaður:* Fjarfundur

*Fundarstjóri:* Sigurborg Daðadóttir      *Dagsetning:* 28.06.23

*Fundarritari:* Esther Hermannsdóttir      *Fundartími:* 13:00-15:00

*Pátttakendur:* Sigurborg Daðadóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs) Esther Hermannsdóttir (starfsmaður Fagráðs um velferð dýra) Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) og Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsambands Íslands).

## Dagskrá

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar
2. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum
  - a) Innri og ytri áhrifaþættir við upphaf fars þorsks
  - b) Mat á oxytocin og cortisol seytingu í reiðskólahestum ? Frumrannsókn (pilot study)
3. Erindi Samtaka um dýravelferð á Íslandi til Fagráðs um velferð dýra um notkun gasklefa við slátrun svína annars vegar og um notkun búra í varphænsnahaldi hins vegar
4. Áverkar hrossa í keppni
5. Önnur mál

## Umræða

Samþykkt að halda fund þrátt fyrir forföll.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar. Samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum á 5. lið. Ákveðið að ganga frá fundargerðum 1., 14. og 16. júní í sameiginlegum skjölum innan fagráðs og ganga frá samþykkt þeirra með tölvupóstum fyrir 12. júlí nk.
2. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum.
  - a) Mat á oxytocin og cortisol seytingu í reiðskólahestum ? Frumrannsókn (pilot study).

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

- b) Innri og ytri áhrifaþættir við upphaf fars þorsks.

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

3. Erindi Samtaka um dýravelferð á Íslandi til Fagráðs um velferð dýra um notkun gasklefa við slátrun svína annars vegar og um notkun búra í varphænsnahaldi hins vegar.

Í umræðum kom fram að EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu) telur að svipting meðvitundar slátursvína með CO<sub>2</sub> sé aðferð sem sé á útleið innan Evrópusambandsins. Ákveðið að taka málið aftur upp á næsta fundi ráðsins.

Í umræðum um notkun búra í varphænsnahaldi kom fram að ekki sé vitað um að umsókn til undanþágu á frekari notkun þeirra liggja fyrir. Komi hins vegar slík umsókn fram leggst fagráð um velferð dýra gegn frekari framlengingu.

4. Áverkar hrossa í keppni.

Í umræðum kom fram hvort mögulega geti verið mismunandi mat á áverkum keppnishrossa á mótum hér á landi. Ákveðið að taka málið upp aftur og þá með sérgreinadýralækni hrossasjúkdóma.

5. Önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.15:00.